

Reykjavík, 3. apríl 2023

## Atvinnuveganefnd Alþingis


**Efni: Umsögn Samorku um tillögu til þingsályktunar um samræmda vefgátt leyfisveitinga og einföldun á feli við undirbúning framkvæmda (209. mál, þingsályktunartillaga 153. löggjafarþing 2022–2023).**

Samorka þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um ofangreinda tillögu.

Samorka fagnar þessari tillögu mjög enda er hér um að ræða gríðarlega mikilvægt mál fyrir alla hlutaðeigandi og mikið tækifæri til þess að einfalda verulega alla umgjörð við undirbúning framkvæmda án þess að slakað sé á kröfum til framkvæmdaáðila.

Samorka hefur lengi talað fyrir að einfalda alla ferla tengt framkvæmdum enda fjölmörg dæmi þar sem verkefni hafa tafist mjög óhóflega vegna þess að ferlar eru ekki nægilega vel skilgreindir og skilvirkir. Tengt vinnu verkefnahóps Samorku um einföldun regluverks var óskað eftir samstarfi við Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins um að greina þá ferla sem hér er um að ræða sem grunn að því að leggja til einföldun á þeim. Samið var við VSÓ um þessa vinnu og niðurstaðan var skýrsla sem greinir þessa ferla og skörun þeirra. Skýrslan sýnir hvernig sömu eða mjög svipuðum gögnum er skilað til fjölmargra aðila á ólíkum tímum í ferli framkvæmda frá rannsóknum til framkvæmdaleyfis. Samorka vann [skýringarmyndband hér að lútandi sem sjá má hér](#). Niðurstaðan að virkja „One Stop Shop“ sem þýða mætti „einn viðkomustaður“.

Hér má skjáskot úr myndbandinu sem sýnir hefðbundið ferli virkjunarframkvæmda og þá mörgu viðkomustaði sem slíkt verkefni hefur í stjórnsýslunni.



Hér má síðan sjá skjámynd sem sýnir fjölmarga snerti fleti við stjórnarsýsluna og stofnanir hennar og bent á að sama stofnun geti komið allt að 10 sinnum að sama málinu.

ÓSKAÐ ER EFTIR	Skv. lögum nr.	LANDRIGSDEIÐ	BYGGINGASTOFNUN	SVIÐTÆSTIÐ	REKINGAR- OG HAFSREKINGARSTOFNUN	ORUGSTOFNUN	ORUGVEIÐSTOFNUN	REKINGARSTOFNUN	REKINGARSTOFNUN	REKINGARSTOFNUN	REKINGARSTOFNUN	REKINGARSTOFNUN	REKINGARSTOFNUN	REKINGARSTOFNUN	REKINGARSTOFNUN	SAMTALS
LEYFI LANDEIGENDA		X														
RAKISÓKNARLEYFI	87/1998	X														
HYTINGARLEYFI (JARDVARNI)	87/1998			X												
RAMMÁÆTLUN	48/2011	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
ÁRVÖRDUN UM MATSSKYLDU	104/2000		X	X	X	X	X									
TILLAGA UM MATSÆTLUN	104/2000	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
FRUMMATSÁSKÝRSLA KYNINT	104/2000	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
ÁLIT SKIPULAGSSTOFNUNAR	104/2000	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
GERÐ/BREYTING ADALSKIPULAGS	123/2010	X	X	X	X	X	X									
VIKJUNARLEYFI	48/2003					X										
LEYFI MIJASTOFNUNAR	80/2013															
LEYFI FISKISTOFNU	41/2006	X														
LEYFI VEGAÐERÐARINNAR	80/2007															
DEILISKIPULAG AD VIRKJANASVÆÐI	123/2010		X	X		X										
FRANKVÆMDARLEYFI SVEITARFÉLAGS	123/2010		X													
BYGGINGARLEYFI SVEITARFÉLAGS	140/2010		X													
STARFSLEYFI HEILRIGISSEFTIRLITS	7/1998		X				X									
SAMTALS																

Dæmi eru um að ein stofnun komi 10 sinnum að sama málinu.

Þegar þessir ferlar og tengd gagnaskil eru skoðuð sést mjög fljót hve gríðarleg tækifæri eru til þess að einfalda þessa ferla og koma í veg fyrir margverknað. Nútíma tækni er hér lykilinn að lausninni.

Ársfundur Samorku 2023 bar yfirskriftina „**Tengjum við tækifærin**“ sem vísa til þess að fáar þjóðir í heiminum standa betur að vígi þegar kemur að því að verða fyrst þjóða kolefnishlutlaus og þar með að sýna gott fordæmi í baráttunni við loftslagsvána. Þriðju orkuskipti okkar Íslendingar eru komin á full skrið og við getum skipt út jarðefnaeldsneyti fyrir hreina græna sjálfbæra orku.

Til þess að það verði þurfum við að tvöfalda græna orkuframleiðslu okkar og endurnýja og efla orkuinnviði bæði í framleiðslu, flutningi og dreifingu orkunnar. Önnur ríki eru á sama stað, leita allra leiða til þess að auka framleiðslu á sjálfbærri grænni orku og í því skyni er einmitt verið að leggja gríðarlega vinnu í að gera ferla einfaldari og skýrari.

Mikilvægt er að leggja áherslu á Samorka og aðildarfyrirtæki þess vilja **hafa skýra og góða lagaumgjörð** um þessi verkefni, um þessi tækifæri, við viljum skýrar leikreglur og vel að merkja við **skorumst ekki undan kröfum og ábyrgð**. „Einn viðkomustaður“ snýst ekki um það að skorast undan ábyrgð.

En eins og áður segir þá koma margir við sögu, ótrúlega margir þegar lagt er af í orkuöflun og sama á við þegar þegar byggja þarf upp flutnings- og dreifikerfið.

Það breytir því ekki að við getum, haft **skilvirkni að leiðarljós nýtt tæknina til að einfalda ferla, koma í veg fyrir tví-, þrí- eða margverknað, öllum til hagsbóta**. Besta leiðin til þess er að **nýta**

**tæknina** búa til eina hraðbraut fyrir verkefni, ekki vegstubba hjá öllum stofnunum ríkis og sveitarfélaga.

Við viljum að verkefnin keyra þessa einu hraðbraut. Hún á síðan snerti flöt við alla hagaðila á leiðinni.

**Hraðbrautin er upplýsingatæknin**, þar sem gögn framkvæmdaraðila, gögn umsagnaraðila, gögn opinbera aðila o.s.frv. **safnast á einn stað eyrnamerkt hverju og einu viðkomandi verkefni.**

Það hlýtur að vera öllum ofangreindum aðilum til hagsbóta að hafa eina sameignlega gagnagátt. Það er það sannarlega fyrir framkvæmdaraðila, að þurfa ekki að senda sömu eða svipuð gögn á marga aðila, heldur ganga viðkomandi leyfisveitendur eða umsagnaraðilar **að þeim einum stað** og sama á við um þá aðila sem **vilja kynna sér verkefnið, framgang þess, gögn þess og stöðu á hverjum tíma. Aðgengi allra verður betra og gegnsæi í allra þágu verður mun meira.**

En hvað erum við á litla stafræna landinu okkar að gera? Jú því miður við erum í bútasaum. Við ákveðum að eyða tíma og gríðarlegum fjármunum í gáttir út um allt í stað þess að taka stökkið. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir er enn verið að taka ákvarðanir um bútasaum, verið eyða gríðarlegum fjármunum og tíma í margar gáttir.

Sem sagt inn í nútíman. Við skilum ekki sömu gögnum á tíu ólíka staði heldur á **einn stað þar sem allir hlutaðeigandi hafa aðgang að þeim**. Þetta er allt saman hægt, tæknin er til, þekkingin er til, forritarar bíða spennt, klæja í lófana að fá að leysa þetta stórkostlega verkefni.

Þessi leið er góð fyrir alla. Hún er **gegnisæ, aðgengileg, felur í sér mikinn tímasparnað, sparar gríðarlega fjármuni fyrir alla hagaðila og að sjálfsögðu ríkið sjálft, einfaldar utan um hald, veitir aðhald og tryggir tímafesti.**

Samorka ítrekar því að það mál sem hér er til umfjöllunar er gríðarlega mikilvægt og þarft mál sem við styðjum heilshugar.

**Virðingarfyllst,  
f.h. Samorku**

*Baldur Dýrfjörð lögfræðingur*